

Góðan dag

Eftirfarandi er umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar vegna 777. máls:

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 93/2017, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (þriðji orkupakkinn), 777. mál.

Sveitarstjórn vill koma á framfæri athugasemdum vegna málsins:

Brýnt er að tryggt sé að ekki felist afsal á valdi í samþykktum Alþingis vegna innleiðingarinnar og að hún feli ekki í sér töku ákvarðana sem hafa í för með sér hækkun á raforkuverði. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar leggur mikla áherslu á að löggjafar-, ríkis og dómsvald í orkumálum verði alfarið í höndum Íslendinga. Af hálfu Bláskógabyggðar er lögð rík áhersla á að innlend orka verði notuð til innlendra framléiðslu, en ekki flutt út sem hrávara.

Sveitarstjórn bendir á að afar brýnt er að ljúka vinnslu heildstæðrar orkustefnu fyrir Ísland. Nauðsynlegt er að hafa gott samráð við sveitarfélögin í landinu við gerð stefnunnar. Orkumál eru afar mikilvægt byggðamál og nauðsynlegt að sveitarfélögin komi að borðinu við vinnslu stefnunnar, en þau eiga ekki fulltrúa í starfshópi um gerð orkustefnu sem skipaður var 2018.

Kveðja,

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri